

R21090067
18. október 2021

Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Breyttar samþykktir lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur með bréfi, dags. 8. september 2021, óskað eftir samþykki borgarstjórnar Reykjavíkurborgar á breyttum samþykktum sjóðsins sem samþykktar voru af stjórn á fundi hennar þann 8. september sl. Þá er óskað eftir formlegri staðfestingu um samþykki til sjóðsins.

Á grundvelli beiðni Fjármálaeftirlitsins til Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar voru samþykktir sjóðsins teknar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað og fl. Stóð vinna við breytingarnar yfir sl. veturn og þær breyting sem nú er lagðar fram snúa einkum að 4. gr. samþykktu sjóðsins. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 22. gr. samþykktu sjóðsins til samræmis við 24. gr. laga nr. 129/1997 varðandi framsetningu á ársreikningi sjóðsins. Auk þessa er lögð til breyting á grein 5.2. um heimild til fjarfunda. Um nánari skýringar einstakra greina er vísað til minnisblaðs sjóðsins, dags. 31. maí 2021, og er meðfylgjandi.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið þær breytingar sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins og gerir ekki athugasemdir við einstakar breytingar hans.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Hjálagt:

Minnisblað Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, dags. 31. maí 2021, um breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar vor 2021

Minnisblað

Dagsetn. 31. maí 2021
Efni: Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar vor 2021
Unnið af: Sviðstjóra réttinda- og lögfræðisviðs.

Minnisblað þetta er tekið saman í tilefni af breytingum á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2021.

A) Breyting á 4. grein.

Þann 3. júlí 2019 beindi Fjármálaeftirlitið því til lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Þann 3. september 2020 voru tilmælin áréttuð. Erindinu var svarað 11. september 2020 af hálfu sjóðsins og upplýst um þá vinnu sem stóð yfir. Þann 23. október 2020 voru tilmæli Fjárlaeftirlitsins ítrekuð af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og því erindi svarað 20. nóvember 2020.

Í greinum 4.4. – 4.17 í samþykktum sjóðsins eru að finna þær breytingar sem lagðar eru til svo að skýrt verði hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað.

Einnig eru lagðar til breytingar á grein 4.1. hvað varðar fjölda varamanna, grein 4.2. hvað varðar samsetningu og þekkingu stjórnar og grein 4.3. hvað varðar árafjölda stjórnarmanna í stjórn sjóðsins. Eru breytingar sem lagðar eru til í greinum 4.1. – 4.3. settar fram með því markmiði að efla góða stjórnarhætti lífeyrissjóðsins, eins og Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vísaði til í erindi sínu frá 3. september 2020.

B) Heimild til fjarfundar

Lagt er til að stjórn sjóðsins hafi heimild til að ákveða að ársfundir sjóðsins verði haldnir í fjarfundi, sbr. tillögu að orðalagsbreytingu í gr. 5.2.

C) Orðalagsbreyting á 22. gr.

Lögð er til orðalagsbreyting á 22. gr. samþykktu sjóðsins vegna athugasemda frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands við framsetningu í ársreikningi. Frá árinu 2013 hefur við tryggingafræðilega athugun réttindasafns LsRb verið tekið tillit til endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri við núvirðingu á framtíðar eignum. Er það gert til að gefa gleggri mynd af tryggingafræðilegri stöðu hvers réttindasafns. Auk iðgjaldagreiðslna greiðir Reykjavíkurborg og viðkomandi stofnanir tiltekið framlag sem er hlutfall af greiddum lífeyri til sjóðsins í hverjum mánuði. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um í samþykktum að þessar



Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

mánaðarlegu endurgreiðslur séu viðbótariðgjöld enda eru endurgreiðslurnar færðar sem aukaframlög í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris í ársreikningi.

Þá er það einnig í samræmi við 24. gr. laga nr. 129/1997 að nefna endurgreiðslurnar framtíðariðgjöld en þar er vísað í að við tryggingafræðilega úttekt skuli núvirða framtíðariðgjöld.

Framkvæmdin við útreikning er óbreytt.

24. gr. laga nr. 129/1997

Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athugunin skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Í reglugerð skulu jafnframt sett ákvæði um mat á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna tryggingafræðilegra athugana. Skal í reglugerðinni tilgreina möguleg frávik frá mati á eignarliðum í efnahagsreikningi skv. 40. gr., m.a. að verðmæti skráðra hlutabréfa og sambærilegra verðbréfa skuli miða við vegið markaðsvirði á tilteknu tímabili sem þó getur ekki verið lengra en sex mánuðir.